



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

| Embætti landlæknis

Pungunarrof 2020-2022

Þróun eftir gildistöku nýrra laga um þungunarrof

Í Talnabrunni eru nú birtar tölulegar upplýsingar um þungunarrof og er það í annað sinn eftir gildistöku nýrra laga um **þungunarrof** sem tölfræði um þessa tegund heilbrigðisþjónustu er birt. Við gildistöku hinna nýju laga féllu úr gildi ríflega fjörutíu ára gömul lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (nr. 25/1975). Með nýju lögnum er meðal annars lagt til að hugtakið *þungunarrof* verði framvegis notað í stað orðsins *fóstureyðing*. Vísar þungunarrof til þeirrar lækni meðferðar þegar rof er gert á þungun konu, að hennar beiðni, annað hvort með lækni aðgerð eða lyfjagjöf.

Ný ópersónugreinanleg þungunarrofsskrá


Samhliða breytingu á lögum um þungunarrof var óhjákvæmilegt að gera breytingar á ópersónugreinanlegri fóstureyðingaskrá embættis landlæknis sem hafði fram að lagabreytingu verið undirstaða tölfræði um þessar aðgerðir. Þannig byggði eldri tölfræði um þungunarrof á upplýsingum sem skráðar voru á umsóknareyðublöð sem send voru embættinu eftir framkvæmd hvernar aðgerðar. Fyrirnefnd lagabreyting hafði hins vegar í för með sér að ekki þarf lengur samþykki heilbrigðisstarfsmanns fyrir þungunarrofi enda er það meginmarkmið hinna nýju laga að tryggja að sjálfsforræði þeirra kvenna sem óska eftir þungunarrofi sé virt. Voru umsóknareyðublöðin því afnumin frá og með 1. september 2019. Hin nýja ópersónugreinanlega þungunarrofsskrá landlæknis byggir nú á sjúkdómsgreiningum (*ICD-10*) og aðgerðakóðum (*NCSP*) er varða umrætt inngríp og skráð eru í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnanna. Þau gögn berast rafrænt til embættisins. Samhliða lagabreytingunni hefur því orðið breyting á uppruna gagna um þungunarrof auk þess sem hin nýja skrá inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar og eldri skrá. Tölur um þungunarrof fyrir og eftir árið 2019 eru því ekki fyllilega samanburðarhæfar og ber að varast að draga of miklar ályktanir um breytingar sem kunna að vera milli árunna 2018 og 2020. **Tölfræði þungunarrofa fram til ársins 2018**, sem byggir á fyrri lögum og skráningu, má finna á vef embættisins.

Samræmd skráning lykillinn að áreiðanlegri tölfræði

Eins og að framan greinir byggir hin nýja þungunarrofsskrá landlæknis á skráðum sjúkdómsgreiningum og aðgerðakóðum í sjúkraskrákerfum heilbrigðisstofnana en fyrirfram skilgreind gögn berast embættinu nú rafrænt á hverjum sólarhring. Þessi nálgun við öflun gagna um þungunarrof gerir kröfu um samræmda, tímanlega og vandaða skráningu heilbrigðisstarfsfólks. Embættið hefur beitt sér hvað þetta varðar en haustið 2019 voru meðal annars gefnar út **leiðbeiningar** um skráningu þungunarrofs og þær kynntar heilbrigðisstarfsfólki.


Heildartölur og aldursbundin tíðni

Frá gildistöku nýju laganna árið 2019 hefur fjöldi þungunarrofa sveiflast nokkuð. Fjöldi skráðra þungunarrofa var lægstur árið 2021 og hafði ekki verið lægri frá árinu 1998. Árið 2022 voru 1.037 skráð þungunarrof (12,1 á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri) hér á landi sem svipaður fjöldi og var fyrir gildistöku nýju laganna.




Mynd 1. Fjöldi þungunarrofa 2008-2022. Uppruni gagna: Þungunarrofsskrá embættis landlæknis (2020-2022). Fóstureyðingaskrá embættis landlæknis 2008-2018. *Tölur fyrir árin 2008-2018 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar við árin 2020-2022.

Á tímabilinu 2020 til 2022 fjölgaði konum á frjósemisaldri (15-49 ára) á Íslandi um 4%. Þegar tíðni þungunarrofa miðað við hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára) er skoðuð má sjá að sveiflan er ekki jafnmikil og þegar um óvígtaðar tölur er að ræða. Þetta skýrist af fjölgun kvenna á frjósemisaldri (mynd 2).



Mynd 2. Tíðni þungunarrofa miðað við hverjar 1.000 konur (15-49 ára), 2020 - 2022.

Sé litið til aldurs þeirra kvenna sem gangast undir þungunarrof má sjá að flestar aðgerðir eru gerðar hjá konum á þrítugsaldri (mynd 3). Árin 2020-2022 voru nærri 50% allra framkvæmdra þungunarrofa hjá konum á aldrinum 20-29 ára sem er svipað og fyrir lagabreytinguna. Þróunin sýnir nokkra aukningu í tíðni þungunarrofa í yngsta aldurshópnum (yngri en 20 ára) og hjá konum á fertugsaldri.




Mynd 3. Tíðni þungunarrofa miðað við 1.000 konur í hverjum aldurshópi, 2020 - 2022.

Meðgöngulengd og tegund meðferðar


Í hinni nýju löggjöf felst sú meginbreyting frá eldri lögum að konur hafa nú fullt ákvörðunarvald um að óska eftir þungunarrofi fram að lokum 22. viku þungunar, óháð því hvaða ástæður liggja að baki þeim vilja. Í lögnum segir enn fremur að þungunarrof skuli þó ætíð framkvæmt eins fljótt og auðið er, helst fyrir lok 12. viku þungunar. Eftir lok 22. viku þungunar er einungis heimilt að framkvæma þungunarrof ef lífi þungaðrar konu er stefnt í hættu við áframhaldandi þungun eða ef fóstur telst ekki lífvænlegt til frambúðar og er þá gerð krafa um staðfestingu tveggja lækna.

Þrátt fyrir að löggjöf um þungunarrof hafi verið rýmkuð til muna þá gefa tölur fyrir árin 2020 til 2022 ekki vísbendingar um að fjölgun hafi orðið á þungunarrofum sem framkvæmd eru síðar á meðgöngu. Þvert á móti var mikill meirihluti þeirra kvenna sem undirgekkst þungunarrof genginn skemur en 9 vikur á tímabilinu eða um 86% (mynd 4). Til samanburðar var meðgöngulengd við þungunarrof minna en níu vikur hjá um 80% kvenna árin 2017 og 2018. Þá var þungun rofin fyrir lok 12. viku meðgöngu í um 96% tilvika árin 2020 til 2022. Er það svipað hlutfall og fyrir nýju löggjöfina. Innan við tíu þungunarrof voru framkvæmd eftir meira en 20 vikna meðgöngu á tímabilinu eða 0,6% af heildarfjölda allra þungunarrofa. Það hlutfall hefur lítið breyst undanfarin ár.



Mynd 4. Hlutfall þungunarrofa greint eftir meðgöngulengd, 2020-2022.

Þungunarrof sem framkallað er með lyfjum hefur verið valkostur hér á landi frá árinu 2006. Síðan þá hefur orðið sífellt algengara að endir sé bundinn á þungun með lyfjum í stað aðgerðar. Árin 2020 til 2022 var hlutfall þungunarrofa sem framkvæmt var með lyfjum um 87% (mynd 5).



Mynd 5. Hlutfall þungunarrofs eftir tegund meðferðar, 2020-2022.

Að lokum

Þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru hér að framan gefa til kynna að tíðni þungunarrofa árið 2022 hafi verið svipuð því sem var áður en lögum um þungunarrof var breytt árið 2019. Á árunum 2020 og 2021 varð nokkur fækkun í fjölda þungunarrofa frá því sem áður hafði verið. Það kann að vera að þær miklu samfélagslegu takmarkanir sem voru í gildi á Íslandi vegna heimsfaraldurs 2020 og 2021 skýri að einhverju leyti umrædda fækkun á þungunarrofum á þessum árum. Eins er líklegt að breytingar á verkferlum í tengslum við skráningu þungunarrofa eftir innleiðingu nýrrar löggjafar skýri að einhverju leyti umrædda fækkun. Enn fremur má sjá að af heildarfjölda þungunarrofa eru nú hlutfallslega fleiri aðgerðir framkvæmdar fyrr á meðgöngu heldur en fyrir lagabreytinguna. Leiða má að því líkur að lagabreytingin hafi orðið til þess að stytta þann tíma sem líður frá því að ákvörðun um þungunarrof er tekin fram að inngripinu. Ekki eru vísbendingar um fjölgun þungunarrofa sem framkvæmd eru síðar á meðgöngu eftir að lögum um þungunarrof var breytt.

Arna Harðardóttir

Efni

Þungunarrof 2020-2022

Þróun eftir gildistöku nýrra laga um þungunarrof

Bls.

1

Ritstjórn

Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri
Sigríður Haralds Elínardóttir, ábm.
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is